

REGLUGERÐ

36

24. apríl

um kynblöndun á íslenzku sauðfé og karakúlfé.

Samkvæmt lögum nr. 27, 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta og lögum nr. 9, 25. janúar 1934 um viðauka við þau lög, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Hver sem vill blanda saman íslenzku sauðfé og karakúlfé, í einn eða fleiri ættliði, skal sækja um leyfi til þess til atvinnumálaráðherra.

Í leyfisbeiðninni skal leyfisbeiðandi taka fram, hve langt hann hyggst að halda kynblönduninni áfram, og með hvaða takmarki fyrir augum.

Leyfisbeiðninni skulu fylgja meðmæli frá hlutaðeigandi hreppstjóra eða fulltrúa, er atvinnumálaráðherra skipar samkv. 16. gr. laga nr. 27, 8. september 1931. Þar sem enginn fulltrúi er skipaður kemur hreppstjóri í hans stað í öllum greinum.

2. gr.

Nú hefir atvinnumálaráðherra veitt leyfi til áframhaldandi kynblöndunar samkvæmt 1. gr. og er leyfishafa þá heimilt að ala upp til undaneldis gimbrarlömb, sem að meiru eða minna leyti eru karakúlkynblendingar, og nota þá til tíngunar með karakúlhrútum.

Karakúlkind kallast í reglugerð þessari hver sú kind sem er að 31/32 hluta eða meira af hreinu karakúlkyni.

3. gr.

Öll þau lömb, sem að nokkru eða öllu eru af karakúlkyni, og ekki er lógað innan 7 daga eftir að þau fæðast skal merkja með eyrnamerkjum, en Búnaðarfélag Íslands ákveði hvaða gerð eyrnamerkja skuli notuð. Á hverju merki skulu vera einn eða fleiri bókstafir, er sýni frá hvaða búi kindin er, og tölustafir er sýni hvaða einstaklingur kindin er á búinu.

4. gr.

Hver sem rekur blendingsrækt, samkvæmt 1. gr. skal færa ættbók yfir féð, eftir fyrirmynd frá atvinnumálaráðuneytinu. Fé það, sem fært er í ættbókina, sem sjálfstæðir einstaklingar, eru:

1. Karakúlhrútar.
 2. Íslenzkar ær, sem notaðar eru til blöndunarinnar.
 3. Allir kynblendingar, sem verða svo gamlir, að þeir hljóti ættbókartölu.
- Til upplýsinga um hvern einstakling skal tekið fram:
- a. Auðkennisstafir og ættbókartala hlutaðeigandi einstaklings.

36 b. Fæðingardagur og ár.

24. apríl

- c. Foreldrar, tilgreint með auðkennisstöfum og ættbókartölum.
- d. Litur, svo og stutt lýsing er einkum sé miðuð við að skýra, til hvorrar ættarinnar einstaklingnum bregður meira.
- e. Með hvaða kind einstaklingurinn blandar blóði og hvenær, og hvað afkomandi varð (kyn lambsins og ættbókartala eða söluverð skinnsins).
- f. Ef kindin er seld, þá hverjum hún var seld og hvenær og við hvaða verði.
- g. Ef kindin er ekki seld, þá hver urðu endalok hennar og hvenær.

Auk þessa færi fjáreigandi inn í ættbókina þær aðrar upplýsingar er til kunna að falla og hann telur máli skifta.

Útdrátt úr ættbókinni, eftir fyrirmynd frá atvinnumálaráðuneytinu, skal árlega senda Búnaðarfélagi Íslands. Á skýrslu þessa skal fulltrúi votta að ættbókin sé rétt færð og útdrátturinn sé réttur.

5. gr.

Hver kind skal bera það auðkenni sem hún hlaut lamb, á meðan hún lifir, ef ekki verða eigendaskipti að henni, en verði eigendaskipti fær kindin nýtt auðkenni, hjá síðari eigandanum, en getið skal þess í ættbókum beggja eigendanna, hvaða ættbókartölu hún hafði á hverjum stað.

Þegar kind er lógað, sem var auðkend sem að framan greinir, þá skal eigandi sýna fulltrúa eyrun með merkinu í, og skal þá fulltrúi fullvissa sig um, að skráð hafi verið í ættbókina um afdrif kindarinnar.

Um hver áramót skal fulltrúi rita í ættbókina vottorð um að hún hafi verið rétt færð og fullnægi kröfum Búnaðarfélags Íslands, en ef svo er ekki, þá skal hann tilfæra, hvað hann telji þar ófullnægjandi upplýst og hvað rangt. Afrit af vottorði þessu sendir hann Búnaðarfélagi Íslands.

6. gr.

Nú tapast merki úr karakúlkynblending eða kynblendingslamb tapast ómerkt, og skal þá eigandi tilkynna fulltrúa það, en jafnframt því skal hann geta þess í ættbókinni. Geti eigandi kindarinnar síðar sannað fyrir fulltrúa, hver kindin er, (hvaða ættbókartölu hún bar), þá skal merkja hana þeirri tölu aftur, eða tölu sem hún átti að hafa, ef um lamb er að ræða, og geta þess jafnframt í ættbókinni að þettað hafi verið gert.

Geti eigandi kindarinnar ekki sannað fyrir fulltrúa hvert sé hin rétta ættbókartala hennar, þá skal hún auðkend með nýrri tölu og má eigandi setja hana á vetur svo að hún eigi lömb, en lóga skal þeim þegar að vori, nema eigandi geti sannað það fyrir fulltrúa, svo að hann telji fullnægjandi, að kindin sé ekki verætluð en þær ær hans er hann má ala undan.

7. gr.

Enginn sem kynblöndun stundar samkvæmt reglugerð þessari má selja kynblendinga til lifs öðrum en þeim, sem sýna að þeir hafi fengið leyfi atvinnu-

málaráðherra til kynblöndunar. Skal þá skrá í ættbók seljanda, hvaða kindur hafi verið seldar og hverjum þær voru seldar, en í ættbók kaupanda skal skráð hvaða kindur hann keypti og hver var seljandi þeirra. Skylt er bæði seljanda og kaupanda að tilkynna fulltrúa viðskiptin tafarlaust. **36** 24. apríl

8. gr.

Þegar kynblöndun er svo langt komið, að kynblendingslömbin eru að minnsta kosti að 31/32 hluta af hreinu karakúlkyni er heimilt að ala upp hrútlömb til tíngunar með íslenskum ám, eða karakúlkynblendingum, og gilda um afkvæmi þess fjár hinar sömu reglur, sem að framan greinir.

9. gr.

Skylt er sérhverjum, er stundar kynblöndun með karakúlfé, hvort sem er einblendingsrækt eða áframhaldandi kynblöndun, að senda Búnaðarfélagi Íslands árlegar skýrslur um þá fjárrækt, á þeim tíma og þannig gerðar sem félagið áskilur enda lætur það gera skýrsluform í þessu skyni á kostnað ríkissjóðs og sendir þau hlutaðeigendum í tæka tíð.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum til ríkissjóðs allt að 2000 krónum. Verði einhver uppvís að óleyfilegri kynblöndun, eða öðru alvarlegu broti á þessari reglugerð skulu auk sekta, hrútar þeir, sem hann á af karakúlkyni, vera upptækir og eign ríkissjóðs. Auk þess skal svipta hann leyfi því sem um ræðir í 1. gr.

11. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1934.

Þorsteinn Briem.

Vígfús Einarsson.